

Framboð til kirkjuþings

Margrét Bóasdóttir

4. kjördæmi

Vesturlandsprófastsdæmi



Uppvöxtur og skólaganga

Fædd og uppalin í Mývatnssveit.

Landspróf frá Héraðsskólanum á Laugum,
kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands, Tónmennta-
kennarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík,
Burtfararpróf í einsöng frá Tónlistarskóla Kópavogs.

Einsöngskennarapróf og Konsertpróf frá Tónlistarháskólanum í Heidelberg-Mannheim,
sérnám í ljóða- og óratoríusöng frá Tónlistarháskólanum í Stuttgart.

MBA nám (Master of Business and Administration) við Háskóla Íslands. Lokapróf 2006.

Búseta á fullorðinsárum

Reykjavík, Raufarhöfn, Heidelberg í Þýskalandi, Ísafjörður, Þingeyjarsveit, Skálholt,
Kópavogur, Hvalfjarðarströnd.

Starfsferill og félagsmál

Kennsla í almennum grunnskóla og tónmenntakennsla. Kennsla við tónlistarskóla: einsöngskennsla,
hópkennta. Raddþjálfun kóra, kórstjórn ýmissa barnakóra, kvennakóra, kirkjukóra og blandaðra kóra.
Vinna hjá Söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar að uppbyggingu barnakóra við kirkjur, símenntun kórstjóra og
útgáfa söngefnis fyrir barnakóra. Kórstjórn í vinnusmiðjum á alþjóðlegum kórahátíðum.

Verkefnisstjórn og skipulagning: Sumartónleikar, Kórastefna, alþjóðleg kórahátíð á Íslandi,
ýmis önnur verkefni tónlistartengd.

Frá hausti 2014-2023 : Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar.

Helstu verkefni starfsins: skipulag og framkvæmd ýmissa tónlistartengdra verkefna um allt land, ráðgjöf
við biskup, sóknarnefndir, organista, presta og annað starfsfólk kirkjunnar, erlend samskipti, nefndastörf
o.fl.

Félagsmál: formaður Félags íslenskra tónlistarmanna, í stjórn Bandalags íslenskra listamanna, í stjórn Listamannalauna, í stjórn Listahátíðar í Reykjavík, í stjórn Sumartónleika í Skálholti, í stjórn Styrktarsjóðs samtaka um tónlistarhús, formaður Þjóðhátíðarsjóðs, formaður Landssambands blandaðra kóra.

Ég hef unnið að margvíslegum skipulagsmálum, tekið þátt í að stofna samtök og félög, semja lagatexta og starfsreglur, stýrt fundum og stórum vinnuhópum, tekið þátt í stefnumótunarvinnu hjá fjölmörgum aðilum og skipulagt ráðstefnur og viðburði.

Áhugi minn til að starfa fyrir Þjóðkirkjuna á Kirkjupingi

Ég hef góða þekkingu á skipulagi Þjóðkirkjunnar og hef sterkan áhuga á því að hægt sé að efla starf kirkjunnar um allt land og að fjármunir séu nýttir til að styðja og efla lifandi safnaðarstarf. Kirkjuping hefur ekki haft fulltrúa sem hefur víðtæka þekkingu á tónlistarmálum kirkjunnar. Tónlist og söngur er ein af megináherslum lúterskrar kirkju og starf kirkjukórs er fjölmennasta safnaðarstarf og sjálfboðaliðastarf kirknanna. Mikilvægt er að efla skilning og ábyrgð Þjóðkirkjunnar á t.d. fjármögnun organistastarfsins sem sífellt fleiri söfnuðir hafa ekki lengur efni á.